

# Stjórn Brunavarna Suðurnesja bs.

Flugvöllir 33, 230 Reykjanesbæ.

## Stjórn Brunavarna Suðurnesja bs.

70. fundur Stjórnar BS bs. haldinn fimmtudaginn 19. janúar 2023

kl. 16:00 í fundarsal BS bs. að Flugvöllum 33, 230 Reykjanesbæ.

**Mættir eru:** Friðjón Einarsson, Trausti Arngrímsson, Helga Jóhanna Oddsdóttir, Birgir Örn Ólafsson, Magnús S Magnússon, Sigurður Skarphéðinsson varaslökkviliðsstjóri og Jón Guðlaugsson slökkviliðsstjóri.

### Fundargerð.

#### Formaður setur fundinn.

#### 1. Staða fjármála.

- Jón fer yfir stöðu fjármála og er staðan samkvæmt áætlun en þó eiga eftir að koma inn bæði tekjur og gjöld, tekjur umfram gjöld eru áætlaðar 23 milljónir.

#### 2. Samantekt, tölfræði 2022.

- Jón fór yfir fjölda útkalla á árinu 2022. Var töluverð fjölgun í sjúkraflutningum en í útköllum slökkviliðs var staðan svipuð og í fyrra.

#### 3. Skýrsla slökkviliðsstjóra.

##### **Útköll og verkefni 2022:**

Liðið ár einkenndist af auknum verkefnum.

Útköll sjúkraflutninga jukust um 13% milli ára og er sú aukning ofan á 25% aukningu milli áranna 2020 og 2021 og endaði í 4711 sjúkraflutningum. Þegar litið er til síðustu 10 ára hefur þróunin verið sú að verkefnum hefur fjölgað gríðarlega, en 2013 voru sjúkraflutningar 2043 og hefur þá fjölgað um 109% á 10 ára tímabili, en þarna eru ekki útköll í Grindavík í þessum tölum, en séu þeir teknir með er fjölgunin 132%

Þróun brunaútkalla á sama tímabili hefur verið með allt öðrum hætti, en staðfestum brunaútköllum hefur fækkað, meðaltal þessa tímabils er 20,4 F-1 útköll á ári en 2022 voru staðfest brunaútköll (F-1) 16. Það er augljóst þegar litið er til síðasta áratugar að marktæk breyting hefur verið til fækkunar á brunaútköllum, þrátt fyrir mikla fjölgun íbúa og húsnæðis, aukinnar ferðaþjónustu og mikillar aukningar af fólki á flóttu. Þegar tekið er tillit til þessara staðreynda, er þessi þróun sérstaklega ánægjuleg og ég tel að þessa góðu þróun megi rekja til þeirrar staðreyndar að við höfum haldið úti öflugu eldvarnareftirliti og forvörnum, sem skilar sér í auknu öryggi íbúa.

# Stjórn Brunavarna Suðurnesja bs.

Flugvellir 33, 230 Reykjanesbæ.

Fyrri hluta ársins var Covid enn á fullu, en vonir voru bundnar við að þegar faraldurinn væri gengin yfir, myndi draga úr álagi á sjúkaraf lutninga en það hefur ekki gengið eftir þar sem talsverð veikindi og skæðar flensur hafa tekið sinn toll og þá hefur gríðarleg fjölgun ferðamanna og fólks á flótta haft sitt að segja um þá þróun sem hefur átt sér stað.

Þá vorum við með verkefni vegna eldgossins og samningur gerður við almannavarnardeild ríkislögreglustjóra vegna þess.

Þegar lítið er á þá þróun síðustu ára með mjög auknu álagi á starfsmenn, verð ég að hæla starfsmönnum fyrir hversu vel þeir hafa tekið á málum og unnið að þeim verkefnum af mikilli fagmennsku.

## 4. Önnur mál.

Stjórn Brunavarna (BS) harmar seinagang Sjúkratrygginga Íslands í samningagerð við Brunavarnir. Samningur SÍ við BS rann út fyrir einu ári og er þessi framganga ólíðandi. Sjúkratryggingar Íslands sýna með þessari framgöngu algjört skilningsleysi á starfseminni sem hefur verið undir miklu álagi vegna fjölgunar íbúa, ferðamanna og útkalla og eru þessi vinnubrögð engum til eftirbreytni. Stjórn Brunavarna Suðurnesja áskilur sér allan rétt til að sækja bætur vegna þessa seinagangs Sjúkratrygginga Íslands. Slökkviliðsstjóra er falið að koma ofangreindu til skila.

**Fundi slitið kl. 17:30**